

**AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2019****2020/EES/48/15****frá 8. febrúar 2019****um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1060 frá 26. júlí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu trífloxýstróbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32018 R 1060**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1060 frá 26. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 190, 27.7.2018, bls. 3).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzv (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/755):

„13zzzzzzzzw. **32018 R 1060**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1060 frá 26. júlí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu trífloxýstróbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 190, 27.7.2018, bls. 3).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1060, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 190, 27.7.2018, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.